



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember, 2023

Efni: Umsögn Félags lýðheilsufræðinga um frumvarp til laga um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf, þingskjal 428 - 408. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

Félag lýðheilsufræðinga styður eindregið ályktun um að fela heilbrigðisráðherra að klára vinnu við að festa í sessi lýðheilsumat hér á landi. Jafnframt að sérfræðihópur verði skipaður með þátttöku fagráðuneyta, fræðasamfélags og Embættis landlæknis er leggi til leiðir sem tryggja rýni allra stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fyrir Alþingi út frá áhrifum þeirra á heilsu þjóðarinnar. Við gerð lýðheilsumats er einnig mikilvægt að sérfræðingar á sviði lýðheilsu komi að matinu, auk sérfræðinga á hverju sviði.

Virðingarfyllst.

Stjórn félags lýðheilsufræðinga,

Dögg Árnadóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Sandra Kristín Jónasdóttir, Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Birna Baldursdóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir.